

5. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar, 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum og með hliðsjón af 23. gr. í II. viðauka við EES samninginn, tilskipun 89/677/EBE, þ.e.a.s. áttundu breytingu á tilskipun 76/769/EBE, öðlast gildi 1. október 1994 til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 33/1990 um bann við notkun á gróðurhryndnum efnum sem innihalda lífræn efnasambönd tins.

Umhverfissráðuneytið, 20. september 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Waldorfleikskólann Sólstafi.

1. gr.

Leikskólinn er sjálfseignarstofnun með aðsetur í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru M. Helga Óskarsdóttir, Snorri Traustason og Lárus Christensen.

3. gr.

Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla og notar skólustefnu Waldorffupplæðisstefnunnar til að ná fram markmiðum leikskólalaganna með áherslu á listir, sköpun og æskuna.

4. gr.

Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

5. gr.

Stofnframlag er kr. 441 000 og er það í vörslu stjórnar og má ekki skerða.

6. gr.

Stjórn leikskólans er skipuð fjórum mönnum, þremur mönnum sem í byrjun eru stofnendur skólans og einum manni kjörnum af foreldrum sem eiga börn í leikskólanum. Stjórn leikskólans er valin í lok hvers leikskólaárs. Fastir kennarar leikskólans velja þrjá menn og foreldrar sem eiga börn í skólanum einn mann. Stjórn skólans skal sjá um að skólinn sé rekinn í samræmi við lög um leikskóla.

7. gr.

Fastráðnir kennarar velja einn úr sínum hópi, með fullnægjandi menntun, til að gegna stöðu leikskólastjóra og velja einnig kennara leikskólans og annað starfsfólk hans.

8. gr.

Stjórnendur leikskólans ákveða fjölda nemenda. Kennari ákveður hverjir skuli teknir í sinn bekk ef fjöldi umsókna fer fram úr gildandi ákvæðum reglugerðar og leyfa um hámarksfjölda barna.

9. gr.

Leikskólafundur þar sem foreldrar, kennarar og annað starfsfólk skólans mæta öll saman skulu haldnir hið minnsta við upphaf, á miðju og í lok leikskólaárs. Leikskólakennari er ábyrgur fyrir foreldrastarfi í sínum bekk og skal haldinn a.m.k. einn foreldrafundur á önn.

10. gr.

Löggiltir endurskoðendur skulu yfirfara og árita reikninga leikskólans.

11. gr.

Fjár til leikskólans er aflað:

- a) Með greiðslu leikskólagjalda.
- b) Með opinberum styrkjum sem kunna að verða veittir.
- c) Með styrkjum, stuðningi og framlögum sem leikskólanum hlotnast frá einstaklingum eða stofnunum.

12. gr.

Fjárreiður leikskólans eru í höndum fjársýslunefndar sem er skipuð einum stjórnarmanni og einum kennara. Framkvæmd fjársýslu skólans er í höndum eins kennara eða annars starfsmanns skólans sem fjársýslunefndin og stjórn skólans velja í sameiningu.

13. gr.

Stjórn leikskólans ákveður leikskólagjöld og greiðslumáta þeirra og hefur það markmið að leiðarljósi að ekkert barn þurfi frá að hverfa einungis vegna leikskólagjalda.

14. gr.

Til breytinga á skipulagsskránni þarf samþykki a.m.k. þriggja stjórnarmanna og til að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna.

15. gr.

Verði stofnunin lögð niður skal eignum hennar varið til eflingar Waldorfskólastefnunnar undir umsjón stofnenda.

16. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. september 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.